

Ed.

339. Framhalds-nefndarátt

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina.

Frá allsherjarnefnd.

Háttv. Nd. hefir gert þær breytingar á frv. þessu, að hún hefir fært sektahámarkið aftur upp í 1000 krónur, eins og það var sett í stjórnarfrv., og kveðið

skýrara á um, að hagnaður sökunauts af broti á lögreglusamþykkt, sem enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skuli í *refsiskyni* upptækur ger og renna í bæjarsjóð.

Siðarnefndu breytinguna telur nefndin til bóta.

Fyrri breytinguna getur hún hins vegar ekki fallist á af ástæðu þeirri, sem talin er í álitni hennar á þgskj. 85 og allsherjarnefnd Nd. hefir látið óhrakta í nefndarálitni sínu á þgskj. 219. Leyfir nefndin sjer því að ráða háttv. deild til að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir með þeirri einni

BREYTINGU:

Við 1. gr. 2. málsg.:

Í stað orðanna: »alt að 1000 krónum« komi:
alt að 500 krónum.

Alþingi, 12. ágúst 1919.

Guðjón Guðlaugsson,
form.

Jóh. Jóhannesson,
fundaskrifari og ritari.

Magnús Torfason.